
Bubbi og Stórsveit Reykjavíkur

Skrifað af Bárður - 2008/11/12 10:15

Jæja ég hélt þetta ekki út ég fór og keypti mér eintak af plötunni. Að vísu er ég ekki farinn að horfa á DVD en er búinn að spila CD útgáfuna nokkur skipti. Þvílíkur andskotans gæðagripur þetta er. Já þeir segja að þetta sé Bubbi í sparifötunum. Ef það er rétt eru mörg þessara laga bara déskolli flott í sparifötum, voru þau þó í flottum fötum fyrir. Uppröðun er líka frábær þar sem þetta stigmagnast og er svo aðeins tekið niður í lokin þannig að ef maður setur þetta á Replay þá fellur saman síðasta lagið og fyrsta lagið á plötunni. Já hér er á ferð flott samfella og ótrúlegir gullmolar. Útsetningar Þóris eru víðast hvar tær snilld þó manni finist nokkur laganna helst til lík sinni upprunaleu mynd en það segir manni aðeins hvað þau voru góð fyrir. Það má greina ýmis áhrif í nokkrum laganna og t.d. datt mér í hug Argentína eða Suðurameríka í laginu Ísaðar gellur en um miðbik lagsins var Mexíkó komin í kollinn mér og hefur ekki vikið þaðan síðar. Minnti mig svolítið á lag með Presley sem tengdist Mexíkó en man náttúrliga ekkert hvaða lag það var. Palli vinnur lagaval og uppröðun vel og hvergi hægt að setja út á það

Það þarf ekkert að ræða gæði þessarar sveitar, Pró... alla leið - Alltaf. Bubbi undirstrikar vel á þessari plötu hve hann er magnaður. Fer hikandi og svolítið hræddur af stað án þess að feila sem gerir þessa plötu svolítið þannig að manni þyki vænt um söngvarann honum allt það besta í því verkefni að syngja með þessari stórsveit. Bubbi vex síðan bara í hverju lagi.

En þegar maður er búinn að skjalla plötuna þá sakna ég þess óneytanlega að hafa ekki My Way með Ragga vini mínum þarna. Hann er mér í fersku minni með sinn flutning á þessum tónleikum. Reyndar er CD platan fullnýtt en spurning hvort eitthvað meira sé á DCD útgáfunni. Ætla að tjakka á henni á morgun og hlakka mikið til.

Re:Bubbi og Stórsveit Reykjavíkur

Skrifað af Þorleifur - 2008/11/13 09:02

Takk fyrir þitt sjónarhorn Bárður á þennan grip. Ég á afmæli bráðum og hefur mér verið bannað að kaupa diskinn af því tilefni:che Ég þarf því að bíða aðeins lengur eftir að sökkva mér í Bubba og Stórsveitina.
